

57. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 27.janúar 2015. Fundargerð.

1. Formaður lagði fram skeyti frá Akureyrarbæ; svar við fundargerðum Hverfisnefndar á árinu 2014. Erindi varðandi umhirðu gatna og umferðarmál Norðurgötu hafa verið tekin til greina á þeim bænum.
2. Rætt ástand gatna í kringum Oddeyrarskóla. (Sjá myndir í viðauka)
3. Jón Ingi Cæsarsson sagði frá því að skipaður hefði verið starfshópur sem ramma eigi inn hvað gera skuli í uppbyggingu Oddeyrar í framtíðinni; “Skipulagshópur um framtíðarskipulag Oddeyrar”. Hverfisnefnd stefnir að því að halda sameiginlegan íbúafund með hópi þessum.
4. Rætt framtíð jaðarsvæða Oddeyrar; svæðið frá Furuvöllum að Glerá, svæði við Kaldbaksgötu og Laufás götu einkennast af óhrjálægum skúrabyggingum en þar gætu orðið fyrirtaks byggingarlóðir.
5. Rædd hugmynd um ívilnanir til handa byggingarverktökum sem vilja byggja á lausum lóðum á Eyrinni- gegn vissum kvöðum um t.d. byggingargerð.
6. Hverfisnefnd vill gera athugasemd við fyrirhugaða breytingu Norðurgötu 43 í gistiheimili. Sækja hljóti að þurfa um leyfi fyrir breyttri notkun húsnæðis og slíkt hljóti að eigi að fara í grenndarkynningu. Nefndin telur rétt að gjalda varhug við “gistiheimilavæðingu” inni í íbúðarhverfum og telur að þar þurfi að spyrna við fótum.
7. Rædd starfsemi flutningafyrirtækja á Eyrinni, stórir bílar og miklar gámastæður þykja illa eiga heima þarna á þröngum svæðum.
8. Rædd nauðsyn þess að breytt fyrirkomulag iðnaðarlóða hljóti að þurfa einskonar grenndarkynningu eða kynningu til íbúa nærliggjandi svæða, nefnt sem dæmi gámastæður miklar sem reistar hafa verið við Fiskihöfn. Hnipa í Hafnasamlag varðandi það mál.
9. Þá vill Hverfisnefnd koma hrósi til bæjaryfirvalda varðandi snjómokstur en nefndin telur áberandi betur að honum staðið heldur en undangengna vetur.

Fundi slitið.

Kaffi Ilmi, Hafnarstræti 107b, þriðjudaginn 27.janúar 2015.

Arnór Bliki Hallmundsson ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.

VIÐAUKI

Svipmyndir af ástandi gatna við Oddeyrarskóla sumarið 2014.



